

KIRKJUPINGSKOSNINGAR 2022

ANNA GUÐRÚN SIGURVINSDÓTTIR

annasigurvins@gmail.com



Komið þið sæl og blessuð,

Hér á eftir mun ég gera örstutt grein fyrir sjálfri mér, tengslum mínum við þjóðkirkjuna og mína sýn á kirkjuþing næstu ára.

Ég er fædd og uppalin í Reykjavík og bý nú í Grafarvogi ásamt eiginmanni og tveimur uppkomnum dætrum. Frá árinu 2017 hef ég unnið sem verkefnastjóri hjá Brim hf. og sinni þar ýmsum verkefnum, flestum tengdum hópvinnumakerfum, ferlum og vefumsjón. Á árunum 2012-2017 var ég aðstoðarskjalastjóri hjá Arion banka, þar á undan skjalstjóri hjá Straumi fjárfestingarbanka. Fyrir þann tíma var ég ráðgjafi hjá fyrirtæki sem hét ANZA og sérhæfði sig í útvistun tölvukerfa. Ég er með BA próf í bókasafns- og upplýsingafræði frá HÍ og diplomu í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum frá HR.

Þegar ég er ekki að vinna, sinna þjóðkirkjunni eða fjölskyldunni, er hægt að finna mig í garðverkum, gróðurhúsinu eða að sinna handavinnu og að öllum líkindum er ég að hlusta á hljóðbók um leið. Við hjónin eru nýlega orðin sumarhúsaeigendur á Mýrunum og þangað finnst okkur gott að fara þegar slaka þarf á.

ÞJÓÐKIRKJAN OG ÉG

Eins og svo margir aðrir á ég góðar minningar úr barnastarfi í Hallgrímskirkju og þar hefjast tengsl mín við þjóðkirkjuna. Fyrir utan það að mæta alla laugardaga í barnastarfið, já það var á laugardögum en ekki sunnudögum, stóðum við krakkarnir í hverfinu reglulega fyrir tombólum og basar til styrktar kirkjubyggingunni sem þá var á lokaáratug byggingarsögu Hallgrímskirkju. Í minningunni söfnuðum við upphæðum sem munaði um. Eins og gengur með unglunga hætti ég að mæta í kirkju upp úr fermingu en trúin fylgdi mér alltaf og eftir að ég komst á fullorðinsár styrktist hún og þegar ég fékk, rétt undir þrítugt, fyrirspurn um hvort ég gæti hugsað mér að bjóða mig fram til sóknarnefndar í Grafarvogi, þurfti ég ekki lengi að hugsa mig um áður en ég gaf kost á mér. Þetta var árið 2001 og hef ég starfað í sóknarnefnd Grafarvogssóknar síðan og verið formaður sl. fimm ár. Starf í söfnuði er fjölbreytt, allt frá því að mæta á sóknarnefndarfundi, aðstoða við helgihald, sinna fjáröflun í dýr verkefni eins og orgelkaup, skrúfa í sundur kirkjubekki svo hægt sé að sinna framkvæmdum í kirkjunni, hella upp á kaffi, baka kökur og þvo upp eftir stærri messur og jafnvel þrifa glugga ef á þarf að halda. Allt er þetta hluti af því að tilheyra sóknarnefnd og söfnuði. Starf sem veitir mér alltaf jafn mikla ánægju þótt stundum sé það strembið, en ég stend ekki í þessu ein, með mér er góður hópur af fólki sem gott er að starfa með.

KIRKJUÞING

Ég hef setið sem aðalmaður á kirkjuþingi síðasta kjörtímabil og sem varamaður kjörtímabilin tvö þar á undan. Á síðustu fjórum árum hefur mér verið treyst fyrir ýmsum trúnaðarstörfum á þinginu, var fyrsti varaforseti þingsins 2018-2021, formaður framtíðarnefndar sem vann úr viðbótarsamningi ríkis og þjóðkirkju árið 2019-2020 og er nú formaður framkvæmdanefndar kirkjuþings. Þar að auki sat ég í löggjafarnefnd þingsins.

Ýmislegt hefur breyst er varðar stjórnskipan Þjóðkirkjunnar á síðustu árum. Viðbótarsamningur ríkisins og Þjóðkirkjunnar er varðar greiðslur ríkisins til Þjóðkirkjunnar var samþykktur á kirkjuþingi árið 2019. Með þeim samningi er ýmislegt varðandi fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju einfaldað en í stað þess að greiðslur miðist við ýmsa samning og lög, er ein upphæð greidd árlega til Þjóðkirkjunnar og lagt í hendur kirkjuþings að útdeila þeim fjármunum til þeirra verkefna sem Þjóðkirkjunni ber að sinna. Um mitt ár 2021 samþykkti Alþingi ný Þjóðkirkjulög, rammalöggjöf sem er styttri og einfaldari en áður var en í stað ýtarlegra lagagreina er gert ráð fyrir því að kirkjuþing útfæri starfsreglur Þjóðkirkjunnar með ýtarlegri hætti.

Ábyrgð kirkjuþingsfulltrúa er mikil, fjármálin hvíla á herðum kirkjuþingsfulltrúa og mikilvægt er að snúa taprekstri síðustu ára yfir í hagnað. Þjóðkirkjan á ekki að liggja á digrum sjóðum, en hún á ekki heldur að þrufa að treysta á lán eða ganga á eigið fé.

Stór hluti fer í laun og launatengd gjöld. Gæta þarf þess að vígð þjónsta sé í samræmi við þörf í prestaköllum um land allt svo þeim fjármunum sé vel varið. Eðlilegt er að stærstur hluti fjármunana fari í þennan lið, því vígð þjónusta er grunnur að þeirri þjónustu sem sóknarbörn sækja til sinna sókna.

Þjóðkirkjan á stórt eignasafn um allt land. Eignir sem oft eru dýrar í rekstri, enda viðhaldsþörf orðin mikil á mörgum þeirra. Skoða þarf eignasafnið, ákvaða hvað á að eiga áfram, halda því vel við og helst reyna að fá tekjur af þeim eigum sem raunhæft er að skili tekjum til Þjóðkirkjunnar. Þarna tel ég vera sóknarfæri í tekjöflun Þjóðkirkjunnar.

Eitt af því sem breyttist með viðbótarsamningnum er Jöfnunarsjóður sókna. Hann er nú hluti af heildarupphæð þeirri sem Þjóðkirkjan fær frá ríkinu en í starfsreglum um fjármál, er skýrt kveðið á um að ákveðin prósentu af heildarupphæðinni fari í styrki til sókna. Standa þarf vörð um að ekki sé gengið á það hlutfall. Sóknir um allt land, sem eru fjársveltur bæði vegna skerðingar sóknargjalda og vegna fækkunar greiðenda sóknargjalda, verða að hafa bakland þegar kemur að fjárfrekum framkvæmdum í sókninni.

Í skoðanakönnun eftir stefnumótardag Þjóðkirkjunnar í febrúar 2021 kom berlega í ljós vilji svarenda til þess að setja æskulýðsmál í forgang hjá Þjóðkirkjunni. Það er mikilvægt að stutt sé við æskulýðsstarf og að það sé eflt um allt land. Þarna liggur grunnur okkar flestra sem störfum í kirkjum landsins og í gegnum æskulýðsstarf öllum við upp næstu kynslóðir Þjóðkirkjufólks. Tryggja þarf að allir söfnuðir sem vilja, geti boðið upp á gott æskulýðsstarf og mikilvægt að stuðningur við söfnuði komi frá þjónustmiðstöð Þjóðkirkjunnar því ekki eru allir söfnuðir með fjármagn til að halda úti æskulýðsstarfi.

Ég gæti haldið lengi áfram að fjalla um málefni Þjóðkirkjunnar en læt staða numið hér. Mér þykir vænt um kirkjuna mína, bæði heima í héraði og Þjóðkirkjuna í heild. Ég vona að ég hafi á þeim árum sem ég hef setið á kirkjuþingi gert gagn í þágu Þjóðkirkjunnar og ég tel að ég geti enn gert gagn á þeim vettvangi.

Ef þú hefur einhverjar spurningar eða vilt ræða við mig um Þjóðkirkjuna og mál sem standa þér nærri, þætti mér vænt um að heyra frá þér. Einfaldast er að senda mér tölvupóst, netangið mitt er efst hér í bréfinu.

Kær kveðja,
Anna Guðrún Sigurvinsdóttir